

Auglýsingar sem eru á svona bæklingum ættu eingöngu að vera frá þjónustuaðilum tengdum svæðinu með lýsingu á því sem í boði er. Í þessum bæklingi mættu þær taka minna pláss. Einnig þarf að koma fram hvar hægt er að fá frekari upplýsingar um þjónustu og viðburði í eyjunni og hver útgefandi bæklingins er.

4.7. Handverk og minjagripir

Tengja verður minjagripasölu flestum viðburðum og þeirri starfsemi sem í boði er í eyjunni t.d. er upplagt að skipulagðar gönguferðir um eyjuna endi í sölustað minjagripa og handverks. Minjagripir og handverk ættu að tengjast ímynd eyjarinnar í efnisvali með tilvísun í sögu, atvinnulíf, dýralíf eða annað. Það er mikilvægt að þeir sem vinna minjagripa eða handverk fylgist vel með því sem er að gerast á þessum vettvangi og efla stöðugt þekkingu sína með símenntun.

6.0 Tillögur, umhverfisstefna.

Í ljósi niðurstöðu skoðunarkönnunar meðal gesta, þar sem fram kom að hreinleiki og óspillt náttúra er það sem heillar þá mest, og vegna jákvæðra viðhorfa heimafólks til umhverfismála er lagt til að öll þjónusta við ferðafólk taki mið af umhverfisvænni starfsemi.

Umhverfisvæn ferðapjónusta er ekki sérstök tegund feðapjónustu heldur byggir á ábyrgð gagnvart umhverfinu þar sem ferðapjónustuaðilar og ferðamenn eru kallaðir til ábyrgðar á eigin athöfnum.

Umhverfisstefna nær seint markmiðum sínum nema samfélagið taki virkan þátt í henni. Sveitarstjórn hefur nú þegar sett sér mjög metnaðarfull markmið í umhverfismálum, meðal annars með því að taka þátt í verkefninu Staðardagskrá 21. Með þeirri ákvörðun hefur sveitarstjórn tekið fyrstu skrefin, en meira þarf til. Fyrirtæki og einstaklingar þurfa einnig að taka upp markvissa umhverfisstefnu til þess að svæðið í heild geti með réttu markaðsett sig sem umhverfisvænt.

Markmið

Eftirfarandi eru ábendingar um hvað þarf að gera til að ná þeim markmiðum að geta talist umhverfisvænt fyrirtæki/sveitarfélag.

Meginmarkmið með umhverfisvænni ferðamennsku er að:

-vernda bæði menningar- og náttúrulegt umhverfi svo að ferðamennskan verði samspil þriggja þátta, þ.e. ferðamannsins, heimamanna og umhverfisins.

Ferðapjónustuaðili þarf að:

- Taka tillit til félags- og umhverfislegra þátta.
- Þróa starfsemina hægt og með fullri virðingu fyrir landslagi og náttúru.
- Hafa samráð við yfirvöld og heimaaðila.
- Stuðla að efnahags- og atvinnuppbyggingu svæðisins.
- Hafa gæði í fyrirrúmi.
- Stuðla að notkun almenningsgangna.
- Sjá til þess að sorpi og skolpi sé eytt á viðurkenndan hátt, í samráði við yfirvöld.
- Kaupa af birgjum innan héraðs framleiðsluvörur landshlutans eftir því sem mögulega hægt er.

Önnur markmið eru:

- að ná fram ákveðnum lífskjörum sem unnt er að viðhalda milli kynslóða,
- að þróunin sé þjóðfélagslega ákjósanleg (uppfylli þarfir almennings),
- að þróunin sé efnahagslega raunhæf (áþati meiri en kostnaður),
- að þróunin sé vistfræðilega sjálfbær (valdi ekki röskun á vistkerfinu).

Ávinningur.

Hvers vegna að vera umhverfisvænn?

Frá sjónarhóli fyrirtækja í ferðapjónustu, gætu kostirnir við að aðlagast umhverfisvænni ferðamennsku falist í eftirtöldum atriðum:

- Aukin viðskipti og auknar tekjur.
- Aukin gæði og þess vegna styrkari staða á markaði sem er stöðugt vandfýsnari á valkosti.
- Aukin hagkvæmni í rekstri, t.d. með lækkun kostnaðar við hráefnisöflun, orkunotkun og sorpeyðingu.
- Betri ímynd og betri stoð fyrir vöxt í atvinnugreininni til lengri tíma litið.
- Betri og heilsusamlegri vinnuaðstaða fyrir starfsfólk.
- Sumar aðgerðir kunna að vera kostnaðarsamar en eru í raun langtíma fjárfestingar, sem munu reynast arðvænlegar í ljósi þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan.

Framkvæmd -líttu í eigin barm.

Hversu umhverfisvæn(n) ert þú?

Að gerast „umhverfisvænn“ þýðir að þú verður að:

- Grandskoða starfsemina til að komast að hversu vel hún samræmist markmiðum umhverfisvænnar ferðamennsku.
- Skilgreina markmið og tilgang umhverfisvænna aðgerða fyrir fyrirtækið/sveitarfélagið.
- Tileinka sér nýjar áherslur, breyta vinnubrögðum og framkvæma aðgerðir, sem hjálpa fyrirtækinu/sveitarfélaginu til að taka þátt í átakinu um umhverfisvæna ferðamennsku.

Aðgerðir

Hvað er hægt að gera?

Eftirfarandi eru ábendingar um að hverju þarf að hyggja þegar farið er að huga að aðgerðum og breytingum til umhverfisvænni háttá.

Einnig eru einfaldir aðgerðalistar (gátlistar) sem nýst geta til að taka fyrstu skref í endurskoðun fyrirtækis/sveitarfélags sem ætlar sér að breyta til betri vegar í umhverfismálum. Rétt er að taka fram að þó fyrirtæki/sveitarfélag standi vel að úrbótum í byrjun, þá þarf að fylgjast með af árverkni og endurskoða þarf reglulega starfsemina í umhverfismálum sem og öðru sem tekist er á hendur.

Ábendingar um aðgerðir:

Vatn

- Reglulegt eftirlit með eyðslu og leita allra leiða til að takmarka vatnsmagnið.
- Leyfa viðskiftavinunum að ráða hvenær handklæði og rúmföt eru þvegin.
- Nota þurrsalerni þar sem erfitt er með frárennsli.
- Nota umhverfisvæn hreinsiefni, þvottarefni og annað.

Orka

- Einangra hús sem allra mest.
- Nota sem mest umhverfisvæna orkugjafa, hitaveitu, vindorku og vatnsaflsrafmagn.
- Nota orkusparandi ljósaperur og hitastilli á ofna.
- Fullnýta orku t.d. affallsvatn í snjóbræðslukerfi eða hitagjafi í grænmetisgarðinn.

Neysluvenjur

- Notið náttúrulegt hráefni, vörur.
- Notið endurunnin pappír og reynið að draga sem mest úr notkun pappírs.
- Forðist óumhverfisvænar framleiðsluvörur í öllum rekstri fyrirtækisins.
- Verslið inn í stórum einingum eða í umbúðum sem hægt er að fylla á aftur.
- Notið ekki einnota vörur s.s. bréfdúka, bréfpurrkur, drykkjarmál og diska.
- Notið varanleg og endingargóð áhöld og húsbúnað.

Förgun úrgangs

- Flokkið sorp og endurnýtið sem mest heima.
- Sendið til viðurkenndra mótökustöðva öll spilliefni, og annað í endurvinnslu þar sem því verður við komið.
- Komið ykkur upp safnhaug ef nokkur kostur er.
- Hreinsið rusl úr náttúrunni.

Eiginleikar ósjálfbærrar ferðaþjónustu

- Hröð þróun
- Ónærgætni, jafnvel árásgjarn, gagnvart samfélagi og umhverfi
- Stjórn- og stefnulaus
- Án marka
- Horft stutt fram á veginn
- Þröngt viðhorf
- Fjarlæg stjórnun
- Ójöfn þróun
- Magnbundin
- Gróðasjónarmið
- Óþjálfað vinnuafli
- Engin framfaraáætlun
- Hörð sölumennska
- Auglýsingaslagorð
- Ferðaþjónusta sem á að bjarga efnahagslífinu. Atvinnulíf eingöngu byggt á ferðaþjónustu

Eiginleikar sjálfbærrar ferðaþjónustu

- Hæg þróun
- Varfærinn og nærgætinn gagnvart samfélagi og umhverfi
- Er stjórnað samkvæmt stefnu
- Í smáum stíl
- Langtímaviðhorf
- Heildræn sýn
- Stjórnun í héraði
- Jöfn þróun
- Gæðabundin
- Verðmætasjónarmið
- Sífelld menntun starfsfólks
- Framfaraáætlun
- Ráðleggingaþjónusta
- Upplýsingar og fræðsla til ferðamanna
- Ferðaþjónusta sem valkostur, sóst eftir blönduðu atvinnu- og efnahagslífi

Tekið úr bók J. Krippendorf, The Holiday Makers - Understanding the Impact of Leisure and Travel (1992); Butterworth - Heinmann Ltd. Þýð. Jóhanna B. Magnúsdóttir

Eftirfarandi listi á að hjálpa til við aðgerðaáætlun. Í dálki merktum „byrja” er sett dagsetning, mánuður eða ár sem viðkomandi aðgerð á að byrja. Í dálki merkt „takm.náð” er sömuleiðis dagsetning, mánuður eða ár sem fyrirtækið ætlar að vera búin að ná takmarkinu.

Það sem fyrirtækið/sveitarfélagið ætlar að breyta er:

Pappír	
<i>*Það kemur umhverfinu best að við notum sem minnstan pappír.</i>	
Byrja	Takm. náð
	Nota endurunninn pappír þegar þess er kostur, varast klórbleiktan pappír.
	Koma sem mestum hluta afgangspappírs til endurvinnslu.
	Dagblöðum, tímaritum og öðrum pappír skilum við til endurvinnslu.
	Losna við auglýsingabæklinga ofl. (draslpóst).
	Nýta notuð ljósritunar- og vélritunarblöð sem risspappír eða sem prufublöð við ljósritun og ljósrita báðum megin.
	Nota tauburrkur sem mest í staðinn fyrir pappírspurrkur sérstaklega við borðhald.
	Setja má dagblöð í safnhaug í hófi.

Margar tegundir pappírs bera umhverfismerki sem hægt er að treysta.

Hægt er að hafa samband við Hagstofu Íslands og láta taka fyrirtækið út af listum.

Sumir breiða dagblöð í trjábeð og sanda yfir þau, til þess að hefta uppgang illgresis.

Þrif og hreinsiefni

Byrja | Takm. náð.

Hægara er að halda hreinu en að gera hreint!

Þeir sem halda hreinu eiga ekki að þurfa á viðsjárverðum hreinlætisvörum að halda.

Nota sem minnst og sem mildast.

Yfirleitt nægir að nota uppþvottalög eða sápu (grænsápu) við að halda hreinu. 70-80% notenda skammta of mikið í einu. Nota má edik til sótthreinsunar og aldrei meira en þörf krefur.

Varast efni sem innihalda sterk, ætandi efni, t.d. klór, ammoníak (salmíak) og fosfórsýru.

Ekki hafa einnota sápubréf, heldur nota áfyllanlega sápuskammtara fyrir gesti.

Bíllinn

**Besta ráðið til að draga úr mengun og óþægindum vegna bílaumferðar er að draga úr notkun einkabílsins.*

**Hvernig væri að hjóla eða ganga?*

Byrja | Takm. náð.

Reyna að samnýta ferðir með öðrum

til dæmis til og frá vinnu og vegna aðdrátta fyrir fyrirtækið

Hafa sparneytna bíla í umferð.

Láta kyrrstæðan bíl ekki vera í gangi að óþörfu.

Láta yfirfara og stilla bílvélina að minnsta kosti einu sinni á ári.

Koma olíu, frostlegi og bremsuvökva í spilliefnafögun.

Einn lítri af olíu getur spillt allt að milljón lítrum af vatni. Olía losnar seint úr frárennslisrörum og dregur súrefni úr vatninu. Þetta á við um matarolíu líka.

Matvörur, innkaup.

**Kaupa ferskar matvörur fremur en t.d. niðursoðnar eða frystar, þannig má draga verulega úr notkun umbúða.*

**Nota ekki umfangsmeiri umbúðir en góðu hófi gegnir.*

Byrja	Takm. náð.	
		Kaupa drykkjarvörur inn í sem stærstum einingum.
		Hætta notkun einnota umbúða.
		Kaup vörur í stórum einingum
		Kaupa af birgjum innan héraðs eftir því sem mögulegt er.
		Reyna að vinna matvæli sem mest á staðnum.
		Nota margnota innkaupa poka eða töskur.

Þannig má draga úr notkun umbúða.

Plast- og álþynnur á til dæmis ekki að þurfa að nota nema í undantekningartilvikum.

Semja t.d. við framleiðendur um að selja vöruna í stórum umbúðum.

Það sparar flutningskostnað.

Það þarf 120 lítra af olíu til að framleiða 3 þúsund plastpoka, sama magn af hráolíu nægir til að hita upp 4ra herbergja íbúð í sjö daga.

Orka

**Þegar fara á í aðgerðir varðandi sparnað í orkunotkun í byggingum er best að leita ráða hjá fagmönnum, iðnaðarmönnum.*

**Til að ná verulegum orkusparnaði þarf oft að gera heildarúttekt á starfseminni því það geta verið mörg smáatriði sem þarf að hafa í huga.*

**Einnig má benda á bókina „Orkusparnaður“ sem fæst hjá Samtökum iðnaðarins.*

Byrja | Takm. náð.

	Nota sparnaðar perur þar sem ljós logar lengi.
	Stilla ofnakerfið, þannig að sem minnstur hiti fari út.
	Þurrka þvott á snúrum ef því er við komið, taupurrkari notar mjög mikla orku.
	Forðast óþarfa tækjanotkun.

Það sparar ekki bara orku heldur einnig dýrt viðhald og eykur endingu búnaðarins.

Umferð um landið

**Þegar skipulagðar eru ferðir um landið verður að gaumgæfa vel nánasta umhverfi og meta hvort áætluð umferð muni breyta því mikið.*

Byrja	Takm. náð
	Hefur starfsemin áhrif á: -fólk, mannlíf.
	-dýralíf.
	-vatn og andrúmsloft.
	-jarðveg og gróðurfar.

Mikilvægt er að virða hefðir og einkalíf fólks á viðkomandi stöðum

Umferð gangandi og akandi getur raskað dýralífi verulega. Að skilja eftir rusl á víðavangi eða fæða dýr getur raskað dýralífi.

Við hverskonar rekstur verður að fara eftir ströngustu reglum hvað varðar losun efna hvort heldur sem er í vötn, jarðveg eða andrúmsloft. Í niðurföll á aldrei að fara annað en vatn

Gróðurfar á Íslandi er mjög viðkvæmt, við leiðarval skal ávallt fylgja merktum leiðum eða hafa samráð við eftirlitsaðila svæðisins. Ekki planta eða sá gróðri nema eftir samþykktu skipulagi sveitasjórnar.

Landslag.

**Reynið að tileinka ykkur hugtakið „Landslagsvernd“, við hönnun bygginga og annara mannvirkja verði tekið mið af landslagi og staðháttum viðkomandi svæða, mikilvægt er að umferð og annað taki mið af þeim breytingum sem hún getur valdið.*

**Látið náttúruna njóta vafans ef upp koma efasemdir vegna framkvæmda og landnota.*

**Leitið ráða hjá sérfræðingum t.d. Landgræðslunni, Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráði og arkitektum.*

Sorp

**Sorp er hráefni! En frumskilyrði fyrir því að hægt sé að endurvinnna sorp er að það sé flokkað á upphafsstað þess.*

Byrja | Takm. náð

Flokka sorp.

Taka sorp með til byggða,

Það sparar sorphirðu ef hver og einn tekur með sér það sorp sem til fellur í ferðinni.

Draga úr myndun sorps.

Hægt er að draga úr sorpmagni með því að kaupa inn vörur í stórum skömmtum, t.d. þurrvöru, við það sparast meðal annars umbúðir og vandaðar rekstrarvörur endast lengur.

Jarðgera og endurnýta það sem hægt er.

6.0. Hugmyndabanki

Ýmsar hugmyndir komu fram á opnum fundum, í hópavinnunni og ekki síst í samtölum undirritaðs við fólk um möguleika í afþreyingu í Hrísey. Þó það þyki ef til vill lítil fagmennska að vinna stefnumótun út frá því sem rabbað er manna á meðal á meðan þeir fá sér í nefið niður á bryggju eða sötra kaffið sitt heima í eldhúsi þá þykir undirrituðum rétt að brjóta lítilsháttar á reglunum og láta „vaða“ hinar ýmsu hugmyndir sem komið hafa fram en voru ekki inni í niðurstöðum hópavinnunnar.

Það er engin hugmynd svo lítilfjörleg að ekki sé vert að skoða hana. Þó að hún henti ekki í augnablikinu getur hún hugsanlega leitt af sér aðra ennþá snjallari.

Trillukarl í frúinu.

Bjóða fólki að taka þátt í störfum trillukarla, allt frá því að skrapa og mála, beita og stokka upp, hnýta slóða og fella net eða róa til fiskjar, allt eftir því hvað við á hverju sinni. Þetta krefst töluverðs undirbúnings fyrir þá sem taka þátt í verkefninu en gæti orðið skemmtileg tilbreyting og veitt viðkomandi aukatekjur.

Sigling, veiðar, veitingar.

Hægt er að sigla með gesti í skoðunarferðir meðfram ströndinni, renna færi, skjóta fugl og fá svo aflann matreiddan á veitingarstað þegar heim er komið. Að öðrum kosti ef heppnin er ekki með veiðimönnum þann daginn að bjóða upp á fiskréttaborð þegar í land er komið.

Kajak og gönguferð.

Kajak sigling og gönguferð. Tveir hópar, annar siglir meðfram ströndinni með landtöku á norðurhluta eyjarinnar, hvar hinn hópurinn hefur gengið með leiðsögumanni. Þar skipta hóparnir um hlutverk, gönguhópur rær til baka en hinn gengur. Þessa ferð er hægt að krydda með ýmsum uppákomum og fróðleik t.d. plöntskoðun, ljósmyndrally, sjóböðum og hverju sem mönnum dettur í hug.

Vin listamanna.

Bjóða listamönnum að leigja þeim húsnæði sem stendur ónotað, t.d. þjónustuíbúðir sem áttu að vera fyrir aldraða. Hafa þarf tiltæka tölvutengingu, aðstöðu fyrir myndlistamenn og fleira.

Árshátíðir - starfsmannafundir.

Á síðustu árum hafa fyrirtæki og hópar annarsstaðar af landinu sótt í að halda árshátíðir á Akureyri. Eins væri hægt að bjóða smærri hópum að halda árshátíðir, fundi og námskeið, t.d. sjálfseflingar- eða endurmenntunarnámskeið. Samhliða þessu yrði boðið upp á líkamsrækt og eða gönguferðir (skíðagöngu á veturnum), heitan pott og fordrykk fyrir árshátíðina, síðan mat á veitingastað og dans á eftir í félagsheimilinu, siglt í land og keyrt í gistingu á Akureyri, ef ekki er nægt gistirými í eygni.

Hægt væri að nýta skólahúsnæði, félagsheimilið, veitingastaðina o.fl. fyrir þessa starfsemi.

Skíðaganga, líkamsrækt.

Á veturnum ætti að troða skíðagöngubrautir um eyjuna og veitingastaðir bjóði fólki nestisþakka með sér. Hægt væri að auglýsa gistingu og líkamsrækt í einum þakka. Þá væri innifalið auk gistingar aðstaða í líkamsræktarstöðinni, skíðaganga með eða án leiðsagnar og veitingar og jafnvel dansleikur um kvöldið.

7.0 Lokaorð

Markmiðið með þessari vinnu er að hún marki fyrstu skref í heildstæðri stefnu í ferðapjónustu í Hrísey svo hún geti orðið traustur hluti af atvinnulífi staðarins.

Eitt það mikilvægasta sem fram kom í stefnumótunarvinnunni er það jákvæða viðhorf og almenni áhugi heimamanna fyrir því að efla ferðapjónustu sem atvinnugrein. Það gerist hins vegar lítið af áhuganum einum saman heldur þarf að láta verkin tala og sýna þeim eftirfylgni. Það er fyrst og fremst undir heimamönnum komið hvað verður um undirbúningsvinnuna og þær hugmyndir sem þar hafa þróast og hver árangur uppbyggingarinnar verður.

Einstakar hugmyndir þarf að skoða frekar og setja þær í samhengi við annað sem verið er að byggja upp. Það er von mín sem unnið hef að þessari samantekt að samstaða verði um uppbyggingu ferðapjónustu í Hrísey og hún verði lyftistöng fyrir atvinnu- og mannlíf á staðnum.

Að lokum eru öllum þeim sem lögðu þessari vinnu lið þökkúð óeigingjarnt starf, ekki síst Elínu Antonsdóttur starfsmanni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og sveitarstjórum Hríseyjarhrepps.

Með þökk fyrir samstarfið
Valur Þór Hilmarsson.



Heimildir:

- 1) Gistiskýrslur 1997, Hagstofa Íslands.
- 2) Stefnumótun í ferðapjónustu, Samgönguráðuneytið 1996.
- 3) Gistiskýrslur 1997, Hagstofa Íslands.
- 4) Seðlabanki Íslands.
- 5) Stefnumótun í ferðapjónustu, Samgönguráðuneytið 1996.
- 6) Stefnumótun í ferðapjónustu, framkvæmdaáætlun, Samgönguráðuneytið, 1997.
- 7) Stefnumótun í ferðapjónustu, Samgönguráðuneytið 1996.
- 8) Akureyrarvagn Ráðgarðs 1998.

Viðauki

Könnun meðal ferðamanna í Hrísey, helstu niðurstöður.

Könnunin var í gangi í tvær vikur í júlí og ágúst sumarið 1998, spurnigalistar voru látnir liggja frammi í ferjunni alls bárust 216 svör, þau eru flokkuð eftir aldri svarenda og flokkast þannig:

Aldur	Fjöldi	Fjöldi
Eldri en 20 ára	135	
Yngri en 20 ára	75	
Ógild	6	
		<u>Samtals:</u> 216


Ákveðið var að vinna með svör frá svarendum 20 ára og eldri. Ekki var lögð vinna í að greina öll svör sem sett voru fram en eftirfarandi niðurstaða var úr þeim spurningum sem helst þótti vert að skoða.

Spurning	Svar	Fjöldi
*Hvernig ferðast þú	Í hópferð með leiðsögumanni.	0
	Í hópferð án leiðsögunna.	4
	Nota leiðsögumann úr eyjunni.	3
	Ein(n).	6
	Með fjöldskyldu/vinum.	119
		<u>Alls:</u> 132
	<u>Sv.e/ógildir:</u> 3	
	<u>Samtals:</u> 135	

Spurning	Svar	Fjöldi
*Gistir þú í Hrísey	Nei	101
	Já	34
		<u>Samtals:</u> 135

Spurning	Svar	Fjöldi
*Hvar var gist	Gistiheimili	5
	Sumarhúsi	17
	Ættingjum/vinum	7
	Tjaldstæði	2
		<u>Samtals:</u> 34

Að lokum koma svo svör við spurningunni: Hvað finnst þér áhugaverðast í Hrísey.



Könnun meðal ferðamanna í Hrísey

Spurningalisti

Ágæti ferðalangur.

Eftirfarandi spurningalisti er hluti af verkefni Hríseyinga og Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, stefnumótun í ferðaþjónustu í Hrísey. Við vonum að þú sjáir þér fært að taka þátt, hver spurning er mikilvæg og viljum við biðja þig að svara eftir bestu samvisku.

Með fyrirfram þökk
Hríseyingar og Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar.

Krossaðu við eða skrifaðu svarið sem við á. Velkomið er að skrifa athugasemdir hvar sem þörf er á.

- Sveitarfélag: _____
- Kyn
 - _____ kona
 - _____ karl
- Aldur: _____ ára
- Hvað eyðir þú mörgum dögum? (merkið við alla möguleika)
 - í sumarfrí _____ dagar
 - í Eyjafirði _____ dagar
 - í Hrísey _____ dagar
- Hvernig ferðast þú?
 - _____ í hópferð með leiðsögumanni
 - _____ í hópferð án leiðsögunna
 - _____ nota leiðsögumann úr eyjunni
 - _____ ein(n)
 - _____ með fjölskyldu/vinum
- Hvernig var að fá upplýsingar um Hrísey, fyrir komuna?
 - _____ auðvelt
 - _____ sæmilegt
 - _____ erfitt
- Hvernig var að fá upplýsingar um þjónustu og afþreyingu við komuna í Hrísey?
 - _____ auðvelt
 - _____ sæmilegt
 - _____ erfitt
- Hvar fékkstu upplýsingar um Hrísey, fyrir ferðina?
 - _____ á upplýsingamiðstöð
 - _____ úr bæklingum/blöðum
 - _____ hjá vinum
 - _____ annað _____
- Stóðst dvölin í Hrísey þær væntingar sem þú hafðir gert þér?
 - _____ nei
 - _____ já

- Hvað af eftirfarandi mætti bæta?

_____ afþreying
_____ minjagripir
_____ sófn
_____ gönguleiðir
_____ gistingu
_____ veitingar
_____ annað _____

- Ert þú tilbúin(n) að borga sérstaklega fyrir leiðsögn um eyjuna?

_____ nei
_____ já hve mikið? _____ <1000kr.
_____ 1000-1500kr.
_____ 1500-2000kr.
_____ annað _____

- Gistir þú í Hrísey?

_____ nei
_____ já

- Ef já, þá hvar?

_____ gistiheimili
_____ sumarhúsi
_____ ættingjum/vinum
_____ tjaldstæði

- Finnst þér samgöngum við Hrísey í einhverju ábótavant?

_____ nei
_____ já

- Ef já, þá hvernig? _____

- Telurðu rétt að vinna að því að gera Hrísey að vistvænni/lífrænni eyju?

_____ nei
_____ já

- Hefurðu komið áður til Hríseyjar?

_____ nei
_____ já hve oft? _____

- Hvað dvelur þú lengi í Hrísey í þessari ferð? _____

- Hvað finnst þér áhugaverðast í Hrísey? _____

- Hvað eyðir þú miklu í Hrísey (utan við samgöngur)? _____ kr.

- Starf: _____

- Tekjur (árstekjur heimilis): _____

- Aðrar athugasemdir sem þig langar að koma á framfæri.

Við þökkum kærlega fyrir þátttökuna og bjóðum þig velkomna/inn til Hríseyjar aftur. Góða ferð.

